



EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL TILNEFNINGARNEFNDAR ARION BANKA Á AÐALFUNDI BANKANS SEM HALDINN VERÐUR MIÐVIKUDAGINN 20. MARS 2019:

Christopher Felix Johannes Guth. Christopher er fæddur árið 1979 og er búsettur í Bretlandi. Christopher útskrifaðist með BS gráðu í stærðfræði og hagfræði frá London School of Economics árið 2000 og meistaragráðu frá Stanford University árið 2001. Í dag starfar Christopher sem framkvæmdastjóri hjá Attestor Capital LLP og er varaformaður stjórnar Kommunalkredit Austria AG ásamt því að sitja í stjórn Dilosk Designated Activity Company. Attestor Capital LLP á 7,15% eignarhlut í Arion banka hf. Christopher hefur áður starfað hjá Deutsche Bank AG og Goldman Sachs International í London. Christopher er núverandi nefndarmaður Tilnefningarnefndar bankans en hefur að öðru leyti ekki unnið beint fyrir Arion banka og er ekki hluthafi í bankanum.

Stjórn Arion banka hf. hefur metið Christopher Felix Johannes Guth óháðan félaginu og stórum hluthöfum í félaginu, í skilningi leiðbeiningareglna um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 5. útgáfa, maí 2015.

Sam Taylor. Sam er fæddur árið 1982 og er búsettur í Bretlandi. Sam útskrifaðist í nútímasögu (e. Modern History) frá University of Oxford árið 2004 og öðlaðist lögmannsréttindi í Englandi og Wales árið 2009. Í dag starfar Sam sem Associate General Counsel hjá Taconic Capital Advisors LP. Sam hóf störf hjá Taconic árið 2014 og starfar á sviði lánamála og stefnumótunar sérstakra eigna félagsins innan Evrópu, sem m.a. tekur til 10% eignarhlutar Taconic í Arion banka (í gegnum TCA New Sidecar III S.a r.l.) og eignarhlutar félagsins í Kaupthingi í gegnum fjölda tengdra fjárfestingasjóða. Í starfi sínu hjá Taconic hefur Sam tekið þátt í og verið ráðgefandi í fjölda fjárfestinga félagsins innan Evrópu, með áherslu á framkvæmd viðskipta og eftirlit, og hefur auk þess gengt mikilvægu hlutverki, ásamt fjárfestingarteymi Taconic, í að meta og bæta stjórnir og stjórnarhætti bæði skráðra og óskráðra félaga. Sam starfaði áður hjá Simson Thacher & Bartlett LLP og Linklaters LLP. Sam hefur ekki unnið beint fyrir Arion banka og er ekki hluthafi í bankanum.

Stjórn Arion banka hf. hefur metið Sam Taylor óháðan félaginu en háðan stórum hluthöfum í félaginu, í skilningi leiðbeiningareglna um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 5. útgáfa, maí 2015.